


Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. ágúst 2012  
Tilvísun: UST20120700191/bs

## Ofanflóðavarnir á Fáskrúðsfirði, Fjarðabyggð - Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 24. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér um að ræða framkvæmd sem ætlað er að tryggja að krapaflóð úr farvegi Nýjabæjarlækjar ógni ekki aðliggjandi byggð. Mannvirki sem ráðgert er að byggja eru 1. Grjótstífla um 6 m há, 20 m löng sem reist verður í um 110 m hæð. Efnispörf í stífluna er talin um  $900 \text{ m}^3$ . 2. Leiðigarður um 3-7 m há og 200 m langur á austurbakka Nýjabæjarlækjar. Efnispörf í garðinn er talin vera um  $5500 \text{ m}^3$ . 3. Þvergarður í um 50 m hæð. Garðurinn verður um 7 m há og um 100 m langur. Efnispörf er talin vera um  $1500 \text{ m}^3$ .

Efnistaka: Gert er ráð fyrir að nánast allt efni í umrædd mannvirki fáist úr skeringum og ofanafýtingu á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Lítið magn af stórgrýti verður væntanlega sótt í námu utan framkvæmdarsvæðis.

Á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði eru engar jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Gróðurfar einkennist af lúpínubreiðum og lyngmóa. Nokkur skógrækt hefur verið á svæðinu. Ekki er talið að sjaldgæfar plöntur né plöntur á válista sé að finna á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Nokkur breyting verður á ásýnd lands, en umfangsmestu mannvirkin liggja frekar lágt í landi og verða lítt áberandi að uppgræðslu lokinni.

**Niðurstaða:** Fyrirhuguð framkvæmd er frekar umfangs lítil miðað við sambærilegar framkvæmdir. Stærstu mannvirkin eru neðarlega í hlíðinni og er talið unnt að fella þau vel að landi. Sjónræn áhrif eru því talin verða lítil. Gróðurfar og fuglalíf er einsleitt og fábreytt. Efnistaka mun fara fram að lang mestu leyti á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Að teknu tilliti til ofangreinda atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfylst  
Ólafur Ásönsson  
Sviðsstjóri

Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson